

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 160/2020**

**frá 23. október 2020**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2294 frá 28. ágúst 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 að því er varðar tilgreiningu á skilgreiningunni á innmiðlurum að því er varðar tilskipun 2014/65/ESB <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/442 frá 12. desember 2018 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 til að tilgreina kröfuna um að verð endurspegli ríkjandi markaðsskilyrði og til að uppfæra og leiðrétta tiltekin ákvæði <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/443 frá 13. febrúar 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/588 að því er varðar möguleikann á að leiðrétta meðalfjölda viðskipta fyrir hlutabréf þar sem viðskiptavettvangurinn með mestu veltu á þeim hlutabréfum er staðsettur utan Sambandsins.<sup>(3)</sup>
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1000 frá 14. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1799 að því er varðar undanþágu Seðlabanka Kína frá kröfunum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti sem settar eru í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 <sup>(4)</sup>.
- 5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1011 frá 13. desember 2018 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 að því er varðar tiltekin skráningarskilyrði til að efla notkun vaxtarmarkaða fyrir lítil og meðalstór

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 329, 13.12.2017, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 59.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 163, 20.6.2019, bls. 56.

fyrirtæki að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(5)</sup>.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/541 frá 1. apríl 2019 um jafngildi laga- og eftirlitsramma fyrir samþykktar kauphallir og viðurkennda markaðsaðila í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 <sup>(6)</sup>.
- 7) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

##### *1. gr.*

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 31bah (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565):

„, breytt með:

- **32017 R 2294:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2294 frá 28. ágúst 2017 (Stjtið. L 329, 13.12.2017, bls. 4),
- **32019 R 1011:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1011 frá 13. desember 2018 (Stjtið. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 1).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 31bazd (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587):

„, breytt með:

- **32019 R 0442:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/442 frá 12. desember 2018 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 56).“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 31baze (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/588):

„, breytt með:

- **32019 R 0443:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/443 frá 13. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 59).“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bazt (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1799):

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 93, 2.4.2019, bls. 18.

„– **32019 R 1000**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1000 frá 14. mars 2019 (Stjtið. ESB L 163, 20.6.2019, bls. 56).“

5. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bazzg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2441):

„31bazzh. **32019 D 0541**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/541 frá 1. apríl 2019 um jafngildi laga- og eftirlitsramma fyrir samþykktar kauphallir og viðurkennda markaðsaðila í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 (Stjtið. ESB L 93, 2.4.2019, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/2294, (ESB) 2019/442, (ESB) 2019/443, (ESB) 2019/1000, (ESB) 2019/1011 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/541, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Sabine Monauni**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.